



Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 23. nóvember 2007

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um samræmda neyðarsvörun, 191. mál heildarlög

Vísað er til bréfs, dags. 15. nóvember sl., þar sem alsherjarnefnd Alþingis óskar eftir umsögn um hjálagt frumvarp til laga um samræmda neyðarsvörun, 191. mál, heildarlög.

Og fjarskipti ehf. (Vodafone) hafa farið yfir framangreint frumvarp og gerir eftirfarandi athugasemdir:

1. Í 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins er vísað til einkaaðila sem leyfi hafa til reksturs fjarskipta. Nauðsynlegt er að breyta þessu orðalagi þar sem fjarskiptafyrirtækjum er ekki lengur úthlutað leyfi til reksturs fjarskipta. Fyrirkomulaginu var breytt með núgildandi lögum um fjarskipti nr. 81/2003. Samkvæmt 4. gr. laganna þá hafa fjarskiptafyrirtæki almenna heimild til reksturs fjarskipta og þurfa einungis að tilkynna þau áform sín til Póst- og fjarskiptastofnunar.
2. Í 3. mgr. 8. gr. frumvarpsins er fjallað um greiðslu á kostnaði við uppbyggingu og rekstur vaktstöðvar og þar segir að kostnaður eigi m.a. að greiðast úr ríkissjóði, m.a. með hluta af jöfnunargjaldi sem innheimt er á grundvelli fjarskiptalaga. Og fjarskipti ehf. telja nauðsynlegt að gera athugasemdir við þá fyrirætlan að greiða umræddan kostnað m.a. með jöfnunargjaldi. Um jöfnunargjald er fjallað í 22. gr. fjarskiptalaga en því er ætlað að standa straum af greiðslu fjárframlaga vegna alþjónustu. Jöfnunargjald er innheimt árlega af öllum fjarskiptafyrirtækjum sem starfrækja fjarskiptanet eða þjónustu og nemur nú 0,12% af bókfærðri veltu fjarskiptafyrirtækja af þessari starfsemi. Í 3. mgr. 19. gr. fjarskiptalaga er talið upp hvað telst til alþjónustu. Þar kemur hvergi fram að neyðarsvörun eða neyðarsímsvörun sé hluti af alþjónustu. Það sama er að segja um tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2002/22/EB frá 7. mars 2002 um alþjónustu og réttindi notenda í sambandi við fjarskiptanet og þjónustu (Alþjónustutilskipun) sem innleidd er með VI. kafla fjarskiptalaga um alþjónustu og sérstæka fjarskiptaþjónustu. Það er einungis í reglugerð um alþjónustu nr. 641/2000 sem minnst er á að undir alþjónustu falli aðgangur að neyðarþjónustu og svörun neyðarsímtala. Á grundvelli þess hefur Neyðarlínan hf. fengið árlegt framlag úr jöfnunarsjóði frá árinu 2000. Það er hins vegar ljóst skv. framangreindu að það er hvorki lagastoð fyrir því að neyðarsvörun falli undir alþjónustu né skylda til þess

skv. alþjónustutillskipun. Telja verður að ekki sé fullnægjandi að um heimild til slíkra fjárframlaga sem eru íþyngjandi fyrir fjarskiptafyrirtæki sé einungis fjallað um í reglugerð. Að auki er það mat Og fjarskipti ehf. að neyðarsvörun sé hluti af almannajónustu sem einungis ríkissjóður eigi að standa undir en ekki fjarskiptafyrirtæki. Það er hvorki sanngjarnt né eðlilegt að fjarskiptafyrirtæki sem eru í samkeppnisrekstri séu látin bera kostnað af því að veita slíka almannajónustu frekar en fyrirtæki í öðrum iðnaði. Með hliðsjón af framangreindu mótmæla Og fjarskipti ehf. því að hluti af rekstri neyðarsvörunar hjá Neyðarlínunni hf. sé greiddur úr jöfnunarsjóði og fara fram á það að frumvarpinu verði breytt til samræmis við það.

Virðingarfyllst,

Jóhanna H. Halldórsd.

f.h. Og fjarskipta ehf.
Jóhanna Helga Halldórsdóttir, hdl.